

Nr. 937

25. september 2008

AUGLÝSING um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag nýbýlis úr landi Langsstaða.*
Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja allt að 1.400 m² hús á tveimur hæðum. Í húsinu verður handverksstofa, pökkunarstöð garðávaxta, íbúð og skrifstofur. Skipulagssvæðið er 30.354 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 6. febrúar 2008.
2. *Deiliskipulag nýbýlis úr landi Klængssels og Geggishóla.*
Deiliskipulagið nær til 42,56 ha spildu sem er að hluta til úr landi Klængssels og að hluta til úr landi Geggishóla og nefnist Efri-Geggishólar eftir sameiningu. Þar verður heimilt að byggja allt að 450 m² íbúðarhús með 6 m hámarkshæð og 2.800 m² hús fyrir atvinnustarfsemi með 7,5 m hámarkshæð.
Samþykkt í sveitarstjórn 4. júní 2008.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. september 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. október 2008